

b. Kringlan 8-12.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 1999 breytingu á deiliskipulagi Kringlusvæðis frá 4. júlí 1994, hvað varðar Kringluna 8-12 – bílastæði og torg.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

c. Áland 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands frá 30. desember 1980, hvað varðar lóðina Áland 1 – tillögur um skilmála og afmörkun byggingarreits.

Tillöguuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

d. Austurstræti 8-10.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar frá 17. nóvember 1986, hvað varðar lóðina Austurstræti 8-10 – breytingar á lóðarmörkum.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. mars 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um Endurmenntunarsjóð grunnskóla.

1. gr.

Hlutverk Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er að veita fé til endurmenntunar kennara í grunnskólum. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Í fjárlögum ár hvert er ákveðið framlag til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, sem úthlutað er samkvæmt reglum þessum til þeirra sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir kennara í grunnskólum t.d. kennaramenntunarstofnana, skólaskrifstofa, sveitarfélaga, skóla, félaga, fyrirtækja og annarra, sem bjóða endurmenntun fyrir kennara í grunnskólum.

Sjóðurinn veitir ekki fé til ferða og upphalds kennara sem njóta endurmenntunarinnar.

3. gr.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskóla metur umsóknir um framlög úr sjóðnum og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Í stjórn skulu eiga sæti:

Einn fulltrúi menntamálaráðherra og er hann formaður.

Einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Einn fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara og skólastjóra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskóla auglýsir með venjulegum hætti eftir umsókn um framlög úr sjóðnum. Umsóknir um fjárframlög úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla skulu berast til stjórnar sjóðsins. Umsóknnum skulu fylgja upplýsingar um fyrirhugaða menntun.

Sjóðstjórn getur auglýst eftir aðilum til að taka að sér endurmenntun á sérstökum forgangssviðum.

5. gr.

Við mat á umsóknnum skal miða við að:

- endurmenntunartilboð mæti þörfum grunnskólans
- skólastefna og aðalnámskrá sé höfð að leiðarljósi
- sveitarfélögum og skólum sé ekki mismunað
- kröfur um fagmennsku og gæði séu uppfylltar

6. gr.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskóla gerir sérstakan samning við styrkhafa um þau endurmenntunarverkefni sem fé er veitt til úr sjóðnum þar sem fram kemur m.a. lýsing á markmiðum og fyrirhugaðri framkvæmd og hvernig greiðslum skuli háttáð.

7. gr.

Stjórn sjóðsins gerir tillögur til ráðherra að starfsreglum sjóðsins og skulu þær birtar í Stjórnartíðindum að fenginni staðfestingu ráðherra.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 1. mgr. 50. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.